



# Lokaskýrsla eða árleg skýrsla

Greinargerð um framkvæmd aðgerða.  
Aðgerðir frá börnum og öryggiskönnun.

## LÆKUR

Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

30 MAÍ 2025

Samþykkt af stjórnendum og starfsfólki Lækjar

## Efnisyfirlit

|                                                                        |    |
|------------------------------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                                        | 4  |
| Stöðumat með börnum .....                                              | 5  |
| Aðgerðir sem framkvæmdar voru eftir hugmyndum barna .....              | 6  |
| Aðgerð 1 – Barnasáttmáli fyrir 3 til 6 ára. ....                       | 6  |
| Aðgerð 2 - Spunasaga .....                                             | 9  |
| Aðgerð 3 – Hafið: .....                                                | 9  |
| Aðgerð 4 - Tré .....                                                   | 10 |
| Aðgerð 5 - Blær .....                                                  | 10 |
| Samantekt um aðgerðirnar 3-6 ára: .....                                | 11 |
| Aðgerðir sem framkvæmdar voru eftir hugmyndum barna 1-3 ára .....      | 11 |
| Aðgerð 1 - Barnasáttmáli 1-3 ára. ....                                 | 12 |
| Aðgerð 2 - Gönguferðir .....                                           | 12 |
| Aðgerð 3 - Umræður og gildi: .....                                     | 12 |
| Aðgerð 4 - Fjölskyldan: .....                                          | 12 |
| Aðgerð 6 - Blær: .....                                                 | 13 |
| Aðgerð 7 - Spunasaga: .....                                            | 13 |
| .....                                                                  | 13 |
| Réttindaráð .....                                                      | 15 |
| Greinargerð um framkvæmd aðgerða .....                                 | 17 |
| Innleiðing Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi – reynsla í Læk ..... | 19 |

## Inngangur

Í þessari skýrslu eru kynntar niðurstöður innleiðingar Réttindaskóla UNICEF. Verkefnið hófst árið 2023 en kennsla um Barnasáttmálann hófst í Læk árið 2019. Í tengslum við það var stofnað fyrsta barnþingið með elstu börnum leikskólans með það í huga að skapa rými þar sem börnin gætu komið réttindum sínum á framfæri. Barnþingið hefur verið haldið vikulega síðan. Innleiðing Réttindaskóla UNICEF hvetur til þess að Barnasáttmállinn sé efldur innan leikskólans. Framkvæmdin hefur skapað leið til þess að efla þekkingu starfsfólks og jafnframt bætt við hugmyndum og verkefnum sem auðgað hafa lýðræðissamfélag leikskólans. Á þessum tíma höfum við fengið heimsóknir í gegnum Erasmus þar sem kennarar hittu og ræddu við börnin um aðgerðir. Verkefnum Réttindaskólans var fléttað saman við eTwinning verkefnin. Vinnan við Barnasáttmálann hefur gengið vel á milli barna í Læk og við börn í öðrum löndum og hefur það haft jákvæð áhrif.. Sem dæmi um lönd má nefna: Noreg, Danmörku, Ítalíu og Grikkland. Dæmi eru um að börn hafi sjálf viljað vinna með útfærslur verkefnanna, til dæmis í *tré* þar sem börnin sjálf skrifuðu sínar eigin þarfir, og seinna völdu þau að setja það upp fyrir fjölmennningarhátíð.

Aldur og fræðileg staða starfsfólks hefur haft áhrif á gæði þeirra aðgerða sem unnar eru. Þær hafa þó (yfirleitt?) skilað jákvæðum árangri því þær hafa veitt starfsfólkinu nýja þekkingu og reynslu. Hins vegar hefur það verið krefjandi að framkvæma verkefnin vegna starfsmanna- breytinga innan leikskóla og þeir hafa kallað á stöðugt upplýsingaflæði um Barnasáttmálann meðal leikskólakennara og starfsfólks.

Við finnum fyrir stolti yfir því hve mörg verkefni hafa heppnast vel og vakið athygli foreldra og jafnvel náð út fyrir landsteinana þar sem Lækur er í samstarfi við lönd tengd eTwinning og Erasmus.

Hvað börnin varðar hefur verið gaman að sjá hvernig þau hafa tekið innleiðingunni vel og fundist hún áhugaverð. Börnum fannst áhugavert að eiga og deila réttindum sín á milli og fara líka með þekkingu sína um lýðræðisleg þætti aftur til fjölskyldna sinna.

Það hefur verið skemmtilegt að sjá að börnin takast á við það að stjórna og vinna þetta lýðræðislega verkefni í frjálsum leik. Það má þó alltaf gera betur, hefðum viljað hafa lengri tíma fyrir verkefnin en vegna aðstæðna innan skólans gafst ekki alltaf nægilegur tími eins og við hefðum viljað. Við teljum okkur vera komin á góðan stað varðandi skipulag verkefna og fræðslu sem falli vel að dagskipulagi skólans. Mikilvægt er að börn líti á tilgang þessara verkefna sem persónulegan árangur og sem tæki til notkunar í daglegu félagslífi.

## Stöðumat með börnum

Stöðumat var gert með börnum á aldrinum 3 til 6 ára til að athuga hversu vel er unnið út frá réttindum barna og hvort þau telji að sínum réttindum er framfylgd. Börnin voru á fjórum deildum og fjöldi barna var 21-25 á deild. Börnin voru á aldrinum 3-6 ára. Stöðumatið var gert yfir þriggja vikna tímabili.

Sérgreinastjóri framkvæmdi stöðumatið í samverustundum á hverri deild, og notaði til þess lýðræðislegar samræður og skráði niðurstöður með brosköllum. Börnin fengu tækifæri til að tjá sig og hlusta á aðra. Samræðurnar sýndu fram á skiptar skoðanir og þurfti að nota atkvæðagreiðslu til að fá loka niðurstöður.



Börnin fengu að tjá sig frjálsglega um Barnasáttmálann. Sérgreinastjóri fjallaði um aðgerðirnar og innihald þeirra, þar var útskýrt fyrir börnunum tilganginn á bak við aðgerðirnar og hvað orðin þýða. Börnin nefndu nokkur dæmi um réttindi sem höfðu verið kynnt í leikskólanum og þeim fannst ekki vera framfylgd. Þarna túlka börnin réttindin út frá sínum skilning og þroska. T.d. Af hverju þau geta ekki fengið að ráða hvað er í matinn í leikskólanum ef þau eiga rétt á að borða? Af hverju þurfum þau að klæða sig á ákveðinn hátt ef þeim er ekki kalt þó það sé 10 stiga frost?

Hér á Læk er lögð áhersla á vináttu og koma þannig í veg fyrir einelti. Börnin hér á Læk vita að þau eiga réttindi á að leika við önnur börn og fá hreyfingu. Þannig Blær er mikilvægt verkfæri fyrir kennara til að efla þessi réttindi.

Börnin eru mjög ánægð að læra um réttindin sín og þau eru dugleg að upplýsa aðra um réttindin, bæði við vini sína og líka heima hjá sér. Börnin læra mikið um réttindin sín með því að fara á Barnaþing og er alltaf mikil tilhlökkun að fá að fara þangað. Á Barnaþingi er rætt um réttindin í leik, þau fá að ákveða í sameiningu hvað er gert og svo fara börnin í frjálsan leik.

## Aðgerðir sem framkvæmdar voru eftir hugmyndum barna

Hér listum við upp allar þær aðgerðir sem koma beint frá börnunum. Hugmyndir að aðgerðum geta kviknað í stöðumatsviðtali, hugmyndakassa eða bara í almennu spjalli. Þegar kom að því að velja hvaða aðgerðir um réttindi barna leikskólinn Lækur ætlaði að vinna með þá var börnunum kynnt handbók til innleiðingu á Réttindaskóla. Að lokinni kynningu fengu börnin að velja verkefnin sem átti að vinna með um veturinn.

### Aðgerð 1 – Barnasáttmáli fyrir 3 til 6 ára.

Leikskólinn Lækur hefur kennt réttindi barna síðan 2018 og hefur þróað námskrá sem er þáttur í kennslufni UNICEF. Á hverju ári er starfsáætlunin endurnýjuð út frá reynslu í samskiptum barna og kennara og fáum við reglulega endurgjöf frá foreldrum. Innleiðing á Réttindaskóla UNICEF hefur gefið skólanum góðar hugmyndir af nýjum og skilvirkum leiðum til að auka og bæta starfið okkar. Barnasáttmálinn hefur vaxið mikið innan leikskólans og hefur leikskólastarfið og skipulag þess snúist meira um að hafa réttindi barna að leiðarljósi. Til að stuðla að réttindum barna þá fengu börnin að taka þátt í skipulagi verkefna, svo sem ferðir og viðburðir sem gerast innan og utan skólans.



*Að eiga fjölskyldu*

**Hvað:** Verkefni 1-5 sem notuð voru til innleiðingar á Réttindaskóla voru framkvæmdar í Barnasáttmálastundum, þau voru valin úr verkefnum sem við höfðum gert áður og líka úr bókinni UNICEF.

**Hvernig:** Verkefnin sem leikskólinn sinnir byggja á Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum 2030. Verkefnastjóri sá um fræðslu til barna einu sinni í viku inn á hverja deild. Deildarstarfsmenn sjá um að framfylgja verkefnum t.d. föndur, gönguferðir, nýta orðaforða og tengja barnasáttmálann í leik og starfi innan deildarinnar með börnunum.

### Verkefnin valin voru eftirfarandi:

**Verkefni 1** - Ferð í Guðmundarlund: Hér voru börnin spurð hvað þau myndu vilja gera til þess að njóta réttinda sinna til afþreyingar og frjáls leiks. Börnin fengu að velja á milli Húsdýragarðsins,

Heiðmerkur eða Guðmundarlundar, þau völdu að fara í Guðmundarlund. Á þessu ári var farið í Guðmundarlund og á næsta ári verður farið á Þingvelli þar sem við erum að gera e-Twinning verkefni um UNICEF svæði á Ísland. Árlega er farið í ferð með börnin, hvert verður farið eftir tvö ár það mun koma í ljós þar sem nýr barnahópur fær að ákveða.



**Hver:** Sérgreinastjóri bar ábyrgð og það gekk vel.

**Hvernig:** Guðmundarlundur var valinn með kosningum. Við fórum með rútu og allir kennarar tóku þátt. Fengum fræðslu um náttúruna og trjágróður.

**Hvenær:** Í nóvember 2023 og 2024.

**Tengingar við Barnasáttmálann.** Börnin nýta þátttökurétt sinn og réttindi til menntunar og frjáls leiks.

**Tenging við innleiðingu á Réttindaskóla.** Að taka þátt í daglegu starfi skólans er mikilvægur hluti í réttindum barna. Að nýta réttindin sín á skemmtilegan hátt og hjálpa börnunum að eiga ógleymanlegar stundir sem hefur áhrif á lærdóm og líðan þeirra.

**Verkefni 2 - Gönguferðir:** Að tengja börnin við umhverfið sitt og leyfa börnunum að njóta réttinda sinna til hreyfingar. Börnin fengu að taka þátt í hvert var farið í gönguferðunum. Farið var einu sinni í viku allan veturinn.



**Verkefni 3 - Markvissar umræður um gildi og réttindi barna:** Í samverustundum voru haldnar umræður um réttindi barna.

- **Hver:** Sérgreinastjóri og kennarar í deild sá um úrvinnslu.
- **Hvernig:** Fjölbreytt námsefni varð fyrir valinu í margvíslegri vinnu þar sem lögð var áhersla á orðaforða tengdan réttindum barna.
- **Hvenær:** Kennari sá um að skrá niður orð sem komu fram hjá börnunum í leik og starfi. Út frá orðunum voru gerð fjölbreytt verkefni. Þetta var gert einu sinni í mánuði.
- **Tenging við Barnasáttmálann:**

- **Tenging við innleiðing á Réttindaskóla:** Börnin eiga að fræðast Að nýta orð tengd réttindum barna eins og t.d virðing og kærleikur sem leiðir til þess að börnin munu á endanum nýta sér þau í samræðum og leik. .

**Verkefni 4** - Sólin: Að börnin séu meðvituð um fjölbreytt samfélag og hvött til jafnréttis í leikskólasamfélaginu.



- **Hver:** Sérgrainastjóri.
- **Hvernig:** Fræðsla um fjölbreytileika var unnin í október 2024. Börnin lituðu og teiknuðu á blað hvernig sólin skín á okkur öll. Áætlað var að búa til sól sem sýndi hugmyndir barnanna en það verður gert næsta vetur.
- **Tenging við barnasáttmálann:** Börnin eru upplýst um að öll börn í heimi eru eins og hafa sömu réttindi.
- **Tenging við Réttindaskóla:** Í réttindaskóla komum við eins fram við öll börn og hjálpum þeim að aðlagast. Við fögnum margbreytileikanum sem auðgar skólamenninguna.

**Verkefni 5** - Þátttökuleikur. „Barnaping“: Leikurinn sem notast er við til að kenna börnum að mæta á barnaping. Leikurinn innleiðir þætti sem styðja við þau gildi og réttindi sem snúast um lýðræðisríki. Markmið leiksins er að auka áhuga barna á því að vera þátttakendur í málum sem þau varða.



- **Hver:** Sérgrainastjóri.
- **Hvernig:** Börnin komu saman í litlum hópum, það var kosið í hlutverk forseta og ritara og börnin ræddu mál sem snéru að þeim og skólastarfinu. Þau æfðu sig að bjóða sig fram, kjósa og tala um hluti sem þau höfðu áhuga á.
- **Hvenær:** Þetta var gert einu sinni í viku í 20 mínútur.



*Réttindi til að eiga vinni*

- **Tenging við Barnasáttmálann:** Börnin nýttu barnaréttindi um þátttöku, fræðslu og leik.
- **Tenging við markmið Réttindaskóla:** Leikskólinn Lækur hefur kennt réttindi barna síðan 2018 og hefur þróað námskrá sem er þáttur í kennslufni UNICEF. Réttindaskólaáætlun hefur komið með ferskar og góðar leiðir til að auka og bæta starfið okkar í framtíðinni.



## Aðgerð 2 - Spunasaga:

Réttindaskóli ýtir undir skapandi hugsun og sjálfræði barna með því að hvetja þau til samvinnu í að gera saman sögu eða ævintýri.

- **Hver:** Sérgreinastjóri og deildarstjóri.
- **Hvenær:** Þetta var framkvæmt einu sinni í viku í samverustund.
- **Hvernig:** Börnin sátu á gólfi fyrir framan kennara og tússtöflu. Börnin réttu upp hönd og komu með hugmyndir af sögupersónum og/eða atvikum. Þau fengu að ráða sögunni í sameiningu. Þau þurftu að sýna hvort öðru tillitsemi, hlusta á hvort annað og finna lausnir á vanda.
- **Tenging við Barnasáttmálann:** Að öll börn eigi rétt á að tjá sig.
- **Tenging við markmið Réttindaskóla:** Leikskólinn Lækur lagði áherslu á að börn nýttu réttindi sín til tjáningar og þátttöku. Og tengdu þannig við námskrána til þess að auka málörvun og skilning barnanna.



## Aðgerð 3 – Hafið:

Vegna innleiðingar Réttindaskóla fengu börnin að skoða bækur og velja sér þemaverkefni út frá því kom þemaverkefnið um Hafið.

- **Hver:** Sérgreinastjóri og deildarstjóri.
- **Hvenær:** Þetta var framkvæmt 3-4 sinnum í viku á tímabilinu lok janúar til lok mars 2025.





- **Hvernig:** Börnin voru búin að skoða nýjar bækur um hafið og lífríki þess. Vegna áhuga barnanna þá kviknaði hugmyndin hjá þeim að búa til stórt haf með gróðri og dýrum. Börnin sátu á gólfinu og komu með hugmyndir um hafið sem kennari skrifaði

niður á hugarkort. Í kjölfarið byrjuðu börnin að mála hafið og svo föndruðu þau allskonar lífverur og hluti sem finna má í sjónum og á ströndinni. Skoðaðar voru bækur og horft á þætti.

- **Tenging við barnasáttmálann:** Að börn eigi rétt á að mennta sig um hafið og umhverfið sitt.
- **Tenging við markmið Réttindaskóla:** Það eru réttindi barna í að mennta sig og dýpka þekkingu sína á lífríki hafsins.



#### Aðgerð 4 - Tré:

Að börnin þekki grunnþarfir sínar og á sama tíma læri að tengja þau við eigin réttindi.

- **Hver:** Sérgreinastjóri og deildarstjóri.
- **Hvernig:** Börnin lærðu um tréð og eiginleika þess í samverustundum. Í framhaldi að þeirri umræðu töluðum við



um okkar þarfir. Börnin teiknuðu laufblöð og skrifuðu það sem þeim fannst að tré og fólk þyrfti til að lifa af. Trén voru sett upp á veggi skólans.

- **Tenging við Barnasáttmálann:** Börnin hafa rétt á að fá sínar grunnþarfir uppfylltar.
- **Tenging við Réttindaskóla:** Börnin í Réttindaskólanum hafa grunnþarfir sem skólinn þarf að uppfylla. Til þess að þau hafi góðan grunn út í lífið.

#### Aðgerð 5 - Blær:

Vegna innleiðingar Réttindaskóla var tekin ákvörðun um að leggja í Blæstundum réttindi og orð sem eflir vináttu og jákvæð samskipti.

- **Hver:** Sérgreinastjóri og deildarstjóri.

- **Hvernig** : Unnið var með Blæ í litlum barnahóp. Umræður voru stundum fyrirfram ákveðnar eða stýrðar af kennara en oftast fékk barnahópurinn að ákveða og velja umræðuefni.
- **Hvenær**: Einu sinni í viku, 20 - 30 mínútur hver stund.
- **Tenging við Barnasáttmálann**: Leikskólinn Lækur fylgir stefnu Kópavogsbæjar þar sem lögð er áhersla á að börn fái tækifæri og nýti réttindi sín til tjáningar og þátttöku.
- **Tenging við markmið Réttindaskóla**: Leikskólinn Lækur lagði áherslu á að börn nýti réttindi sín til tjáningar og þátttöku.

## Samantekt um aðgerðirnar 3-6 ára:

Ef við skoðum þróun barnanna á þessum tveimur árum þá hafa börnin tekið miklum framförum. Þegar innleiðing hófst þá var þátttaka barna minni, börn voru feimin við að tjá sig og vissu lítið um réttindi sín. Í dag eru börnin öruggari með að koma með hugmyndir, tjá sig, hlusta betur á hvort annað og sýna hvort öðru tillitsemi og virðingu.



## Aðgerðir sem framkvæmdar voru eftir hugmyndum barna 1-3 ára

Hér listum við upp allar þær aðgerðir sem kviknuðu í stöðumatsviðtali kennara og í samverustundum með börnum.

**Hvernig**: Í byrjun innleiðingar í litla Læk voru valin réttindi sem unnið var með út frá aldri og þroska barnanna. Réttindin sem urðu fyrir valinu voru, að fá eigin frumþarfir uppfylltar, réttindi til umönnunar, réttindi til að stunda leik, hreyfingu og listir, réttindi til að tjá sig og sínar eigin skoðanir. Valið var fyrirmyndahugmyndafræði og einstaklingsmiðuð nálgun. Verkefnin voru eftirfarandi:

## Aðgerð 1 - Barnasáttmáli 1-3 ára.

**Hvað:** Farið var í markvissa vinnu við að innleiða og auka orðaforða tengdum réttindum sem börnin gátu upplifað og nýtt á sínum forsendum. Vegna ungs aldurs barnanna voru kennarar vakandi fyrir tækifærum sem koma upp jafnóðum.


**Hver:** Sérgreinastjóri í samstarfi við deildarstjóra í litla Læk báru ábyrgð á að aðgerðirnar voru framkvæmdar.

**Hvernig:** Við notuðum föndur, lestur og nýttum orðaforða sem er tengdur Barnasáttmálanum í leik og starfi innan deildarinnar með börnunum. Verkefnin sem leikskólinn vann að voru byggð á Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðum 2030.

**Aðgerð 2 - Gönguferðir:** Börnin fengu að velja staði til að fara í gönguferð með það í huga að nýta og efla sjálfræði og voru meðvituð um réttindi sín til að hafa val og að hreyfa sig.

**Hvernig:** Börnin stjórnðu hvert var farið í gönguferðunum.


Stundum voru gönguferðirnar langar og stundum stuttar en það fór eftir áhuga barnanna. Í gönguferðunum var rætt við börnin um umhverfið og allt það sem vakti áhuga barnanna. Þetta gerir börnin meðvituð um mikilvægi þess að koma vel fram við náttúruna og vernda hana (29,



*Að eiga vinnir*

42).

**Aðgerð 3 - Umræður og gildi:** Í samverustundum voru skoðaðar bækur þar sem áhersla var á að skoða orðaforða sem lýsir líðan sögupersóna. Við ræddum um hvort persónan væri glöð, reið, leið o.s.frv. Það eru réttindi barna að geta tjáð sig hvernig þeim líður og því var mikilvægt að kynna börnunum fyrir þessum orðaforða. Við gripum svo hvert tækifæri og notuðum orðaforðann sem þau voru búin að læra.



*Eiga pabba og  
mömmu*

**Aðgerð 4 - Fjölskyldan:** Það eru réttindi barna að eiga fjölskyldu og því fannst okkur mikilvægt að ræða um fjölskyldur við börnin. Börnin voru mjög áhugasöm að ræða um fjölskyldu sína og segja frá hvað þau gera saman. Kennari greip hvert tækifæri til þess að ræða um réttindi barna að eiga fjölskyldu og kynnti fyrir

börnunum nýjum orðaforða eins og systkini, systir, bróðir, mamma, pabbi o.s.frv. (5).

**Aðgerð 5 - Tré:** Það eru réttindi allra barna að hafa sínar grunnþarfir sýnt, eins og að fá hreint vatn þegar þau eru þyrst, eða mat þegar þau eru svöng. Til að útskýra þetta fyrir börnunum bjuggum við til tré. Rætt var við börnin hvað tréð þarf til að lifa, 3 ára börnin komu með tillögur að tréð þurfi vatn og sól. Eftir það, tengdum við það við okkur sjálf því af við þurfum líka vatn og næringu til að stækka og líða vel. Börnin fengu að velja einn hlut sem þau myndu vilja setja ofan í jörðina svo tréð myndi vaxa og það var skrifað/teiknað á laufblað sem var gert úr handafari barnanna. Verkefnið gekk vel og var sett upp inn á deild í hæð barnanna svo þau gætu skoðað það að vild (12,24).



Sól

**Aðgerð 6 - Blær:** Í innleiðingarferlinu að Réttindaskóla voru lagðar áherslur á réttindum hvers og eins og nýttum við Blæstundir til þess. Í byrjun hlustuðu börnin mikið á Blælögin en núna grípum við meira í að tengja Blæ við réttindi sem snúa að samskiptum barna og gildum þess (15,31).

**Aðgerð 7 - Spunasaga:** Það eru réttindi allra barna að fá að tjá sig og þess vegna gerðum við á litla Læk með þeim spunasögu sem við kölluðum gönguferð. Hérna fengu börnin að ráða hvert förinni var heitið, hvað tókum við með okkur, hverjir voru í gönguferðinni o.s.frv. Þetta ýtti undir skapandi hugsun og sjálfræði barnanna, hvatti þau til samvinnu og þau sýndu hvort öðru tillitsemi (13,12).




Við höfum rétt til að læra

## Öryggiskönnun

Það eru réttindi allra barna að vera örugg í leikskólanum og vera vernduð gegn misbeitingu. Í leið okkar að Réttindaskóla þá var gerð öryggiskönnun með börnunum á leikskólanum Læk. Börnin voru í 5 til 6 manna hópum en hvert barn svaraði öllum 12 spurningum. Ef við skoðum niðurstöðurnar þá sýna þær okkur að börnin telja sig örugg á öllum svæðum leikskólans fyrir utan á klósettinu. Þar nefna nokkur börn að þau séu óörugg þar sem önnur börn eru stundum að kíkja undir, henda hlutum yfir eða eru að berja á klósetthurðina. Við spurðum börnin hvað væri hægt að gera til að stuðla að þeirra réttindum að vera örugg á klósettinu og þá nefndu þau að hafa oftár kennara inn á baðherberginu og einnig væri hægt að búa til klósettsáttmála. Það er að segja að þau búa til reglur sem þau þurfa að framfylgja inn á klósettinu. Eftir að klósettsáttmálinn var gerður þá hefur gengið mikið betur og börnin talið sig öruggari. Annað sem börnin nefndu var að þau telja að réttindi þeirra að fá að ráða hvar þau leika í leikskólanum sé ekki framfylgt. Þegar börnin voru spurð nánar hvað þau ættu við kom í ljós að þau langaði til að leika á öðrum svæðum og með annað leikefni sem ekki var hægt að koma til móts við í aðstæðum. Til dæmis er leikskólinn Lækur opinn leikskóli með mörgum svæðum sem skipt er á milli deilda milli daga, stundum er hægt að koma til móts við með því að leika með annarri deild en stundum er það ekki hægt.




Bannað að undir hurðina



Bannað setja dót ofan í klósettið



Bannað að vera tvö í sama rými.



Bannað ekki kíkja yfir hurðina

## Réttindaráð

Ákveðið var að búa til Réttindaráð með börnum á elsta aldursári. Frá árinu 2019 höfum við markvisst fundið nýjar leiðir til að bæta námskrána og gefið börnunum tækifæri til að auka þátttöku sína í ákvörðunartöku í skólastarfinu. Núverandi Réttindaráð hefur sameinað hugtök sem almennt er í notkun í Kópavogi. Árganginum var skipt upp í sex hópa og hittust hóparnir á föstudögum. Þegar börnin komu saman byrjuðu þau á að bjóða sig fram í þrjár stöður og svo var kosið. Þær stöður sem kosið var í var staða Forseta (hann talaði og gaf orðið), Rauður ritari (hann passaði að allir tæku þátt og færu eftir reglunum) og Gulur ritari (hann var ábyrgur talningu atkvæða). Hver hópur var í 15-20 mínútur. Tilgangur verkefnisins var að virkja börnin til þátttöku í skólaskipulagi, rætt var við börnin um réttindi þeirra og Barnasáttmálann.

Réttindaráð kom saman tvisvar á þessu ári á Barnaþing. Einnig er hægt að kalla á Réttindaráð á Barnaþing þegar það þarf að ræða eða kjósa um ýmis málefni. Sérgreinastjóri og leikskólastjóri eru alltaf með á Barnaþingi til að koma með tillögur og sjá svo um að skrá niður umræður og niðurstöður. Á hverju ári gefur foreldraráð leikskólanum fjármagn til kaupa á leikföngum eða hlutum sem vantar á leikskólann. Árið 2024 kallaði aðstoðarleikskólastjóri til Barnaþings þar sem börnin fengu að velja bæði úti- og inni leikföng fyrir fjármagnið frá foreldrafélaginu. Svo árið 2025 þá var kallað á Barnaþing til að skipuleggja VÆB dag fyrir Evrovísið því börnin höfðu sýnt því mikinn áhuga. Komu börnin með fullt af skemmtilegum hugmyndum sem unnið var svo úr. Dagurinn heppnaðist vel, þau fengu að skreyta með silfurblöðrum, fengu að horfa á Evrovísið myndbönd og borða snakk með.





## Greinargerð um framkvæmd aðgerða

Stutt greinargerð um stöðu aðgerða í aðgerðaáætlun. Þegar skýrslu er skilað sem lokaskýrslu fyrir úttekt er tekið saman hvernig framkvæmd aðgerða fór fram en þeim á að vera lokið.

Hver er staðan á framkvæmd aðgerða í aðgerðaáætlun?

**Aðgerð 1** - Verklagsreglur Lækjar. Barnasáttmálinn er sýnilegur fyrir börn, foreldra og starfsfólk um allan leikskólann. Hengd voru upp veggspjöld um allan leikskólann og allar deildir fengu handbók UNICEF sér til stuðnings. Foreldrar fá reglulega upplýsingar um hvaða réttindi unnið er með.

**Aðgerð 2** - Samskiptasamningur kennara. Samráðshópur kennara innan skólans komu með hugmyndir af samskiptasáttmála. Hugmyndirnar þurftu að falla vel að þeim gildum sem skólinn vinnur eftir. Í framhaldi var haldinn fundur með öllu starfsfólki skólans sem vann úr þeim tillögum sem starfshópurinn hafði komið með. Í lok fundarins var kosið um atriði sáttmálans. Samskiptasáttmáli starfsfólks var hengdur upp og verður endurmetinn árlega á fyrsta starfsdegi vetrarins. Hægt er að skoða samskiptasáttmálann hér: [Samskiptasáttmáli Lækjar](#)

**Aðgerð 3** – Réttindaráð (stóri og litli Lækur). Aðgerðin tókst vel, allir kennarar og starfsmenn fengu tækifæri til að bjóða sig fram í Réttindaráð. Í framhaldi að því voru valdar aðgerðir út frá stöðumati leikskólans. Á fyrsta skipulagsdegi haustsins fær nýtt starfsfólk tækifæri til þess að bjóða sig fram og ný kosning verður til Réttindaráðs.



**Aðgerð 4** – Matarflæði. Frá og með haustið 2023 hafa allar deildir á stóra Læk notast við matarflæði og hefur þetta fyrirkomulag gengið vel. Áður en þetta fyrirkomulag var komið á þá borðuðu börnin inn á deild. Í miðrymi leikskólans er matsalur og þar borða börnin núna. Til að auka sjálfstæði fá börnin að skammta sér sjálf og velja sér sæti. Að loknum matartíma ganga börnin frá eftir sig. Þetta ferli hefur tekið tíma en börnin hafa náð miklum framförum.

**Aðgerð 5** – Fræðsla fyrir starfsfólk. Allt starfsfólk var upplýst og fékk fræðslu um réttindi barna á fyrsta skipulagsdegi vetrarins og séð var til þess að allir fengu viðeigandi stuðning eftir þörfum. Sérgreinastjóri fór inn á allar deildir leikskólans og afhenti handbók um Barnasáttmálann. Stöðumat var framkvæmt og starfsfólk horfði á myndbönd frá UNICEF og sérgreinastjóri var með fyrirlestur og fræðslu.

**Aðgerð 6** – Einstaklingsnámskrá í sérkennslu. Við byrjuðum að nota Sjónrænt dagsskipulag og PECS, fyrir börn 3-5 ára með frávík í þroska eða fjölþættan vanda. Mikilvægt var að virða réttindi þeirra til tjáskipta og með því að vera með myndir gefum við þeim tækifæri til að tjá sig um líðan, þarfir og langanir. Fjölbreyttar kennsluaðferðir er nýjasta nálgunin í sérkennslu og komum við þar til móts við börn með málþroskafrávík. Við notum skimanir til að meta þroskastöðu. Allt starfsfólk leikskólans var upplýst um réttindi fatlaðra barna svo þau fái viðeigandi stuðning í leikskólanum.

## Innleiðing Réttindaskóla UNICEF á leikskólastigi – reynsla í Læk

- Hvaða áhrif hafði innleiðingin (urðu varanlegar breytingar á einhverjum þáttum í leikskólastarfinu? Hvað heppnaðist vel og hvað hefði mátt fara betur)?

Vegferð okkar í átt að Réttindaskóla UNICEF hefur gengið vel. Margar jákvæðar breytingar hafa átt sér stað í leikskólanum. Starfsfólkið hefur náð að tengja hugmyndafræði leikskólans og einstaklingsmiðað nám við Barnasáttmálann. Það er alveg ljóst að margar varanlegar breytingar hafa orðið á fræðilegri og samfélagslegri uppbyggingu menningar innan leikskólans sem er jákvæð og uppbyggileg fyrir alla. Til dæmis var það ákveðið að börn á elstu deildum kæmu með tillögur um námsþætti og efnivið sem notaður verður næsta haust.

- Hvernig meta hinir fullorðnu í umsjónarmannateyminu tækifæri barna til þátttöku í innleiðingunni?

Kennarar telja mikilvægt að börn taki virkan þátt í starfinu. Þetta gefur okkur tækifæri til að kynnast og skilja börnin betur. Auk þess læra börn að virða réttindi annarra. Lærdóm Barnasáttmáli styður undir sjálfræði og þátttöku þeirra sem auka vellíðan í skólaveru.

- Hvernig heppnaðist að innleiða Réttindaskóla UNICEF með heildrænum hætti í skólann?

Þar sem kennsla á Barnasáttmálanum í leikskólanum Læk er ekki ný af nálinni hefur innleiðing hans gengið vel. Hins vegar er mikilvægt að árétta að starfsfólk innan skólans er með ólíkan bakgrunn sem var okkur töluverð áskorun við miðlun grunnþekkingar en með mikilli vinnu og samheldni í starfsmannahópnum gekk þetta vel.

- Hvernig tóku foreldrar eftir því að innleiðing verkefnisins var í gangi?

Þegar ákvörðun var tekin um að hefja innleiðingu Réttindaskóla var send tilkynning til foreldra þar sem verkefnið var útskýrt og tenglum var deilt þar sem þau gátu lesið um framkvæmdina. Foreldrar hafa verið ánægðir og áhugasamir sem varðar verkefnið og hafa deilt með starfsfólki leikskólans þar sem börnin eru að nýta sér þekkingu sem þau hafa lært í skólanum heima fyrir.

- Hvaða lærdóm má draga af innleiðingunni? Hverju er mikilvægt að halda til haga vegna áframhaldandi vinnu við innleiðingu Barnasáttmálans? Hvað mætti gera öðruvísi í næsta hring innleiðingarinnar, hverju þarf að halda áfram?

Að nota réttindi barna í kennslufræði innan námskrár Lækjar. Við áframhaldandi vinnu Barnasáttmálans er mikilvægt að hafa í huga að aðgerðirnar eru ekki bara tímabundnar heldur verkfæri sem við munum alltaf nota og er orðinn hluti af skólamenningu Lækjar. Á næsta skólaári stefnir Lækur á að halda áfram að þróa aðgerðirnar. Áframhaldandi vinna er nauðsynleg þar sem þetta er fyrsta skrefið hjá börnum að læra um réttindi sín og getur skapað jákvæða sjálfsmynd og góð samskipti í samfélaginu í framtíðinni. Af þessum sökum er mikilvægt að starfsmenn leikskólans haldi áfram að endurmennta sig í því sem varðar Barnasáttmálann. Það væri gaman að fá sérfræðing um Barnasáttmálann til að koma í leikskólann með fræðslu til starfsmanna.